



Alþingi
Erindi nr. Þ 131/ 467
komudagur 6.12. 2004

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Reykjavík 2. desember 2004

Tilvísun: 2004110224
091.1

Alþingi
Nefndasvið Alþingis
Kirkjustræti
150 REYKJAVÍK

Varðar: Frumvarp til laga um rannsóknarnefnd umferðarslysa.

Með bréfi frá 24. nóvember sl. veitti ríkislögreglustjóri umsögn um ofangreint lagafrumvarp. Starfsmenn almannavarnadeildar embættisins hafa í dag með hjálögðu minnisblaði vakið athygli ríkislögreglustjóra á atriðum sem tengjast hlutverki rannsóknarnefndarinnar. Ríkislögreglustjóri vill koma þessum ábendingum starfsmanna almannavarnadeildar á framfæri við samgöngunefnd Alþingis.

Minnisblað: Umsögn almannavarnadeildar

2. desember 2004

Málsnúmer:	2004110224
Fyrirtæki/Stofnun:	Alþingi
Nafn:	
Móttakandi	Haraldur Johannessen/RLS
Sendandi:	Víðir Reynisson/RLS
Efni:	Umsögn almannavarnadeildar um frumvarp til laga um rannsóknarnefnd umferðaslysa

Eitt af því sem dregur úr afleiðingum umferðaslysa eru viðbrögð við þeim. Mikilvægt er að gefa rannsóknarnefnd umferðaslysa heimild til að rannsaka þennan þátt líka og koma með tillögur til úrbóta. Þetta ætti sérstaklega við þegar umferðaslys eru alvarleg eða aðgerðir umfangsmiklar. Svipað ákvæði er í lögum um rannsóknarnefnd flugslysa.

Í 12 gr. Frumvarpsins segir m.a. „Þegar rannsókn einstaks máls er lokið skv. 1. gr. getur rannsóknarnefnd umferðaslysa samið sérstaka skýrslu um niðurstöðu rannsóknarinnar, telji hún tilefni til. Í skýrslunni skal gerð grein fyrir orsök eða sennilegri orsök slyssins auk þess sem þar skulu gerðar tillögur um þær varúðarráðstafanir sem gera má til þess að afstýra frekari slysum af sömu eða líkum orsökum eða draga úr afleiðingum þeirra“.

Til að reynsla sem skapast við björgunaraðgerðir skili sér með markvissum hætti í skipulag viðbragðsaðila er nauðsynlegt að rannsókn á vinnu á vettvangi, viðbrögðum og stjórn aðgerða sé gerð með markvissum hætti og því eðlilegt að óháður aðili sinni slíku. Þá væri hægt að nota skýrslu rannsóknarnefndar umferðaslysa við eflingu neyðarviðbragða við umferðaslysum á Íslandi.

Gerð er tillaga um að bætt verði við 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins eftirfarandi orðum:
„Þegar það á við skal rannsóknarnefnd umferðaslysa láta rannsókn ná til tilkynninga um umferðaslys, björgunaraðgerða og annarra tengdra aðgerða sem ætlað er að draga úr afleiðingum umferðaslysa“.

Virðingafyllst,

Víðir Reynisson